



Egilsstaðaskóli



Námslýsing

Valgreinar 8.-10.bekkur

2018



Val í 8. og 10. bekk í Egilsstaðaskóla

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91 frá 2008 skulu nemendur á elsta stigi eiga kost á vali um námsgreinar. Nemendur í 8. og 10. bekk skulu samkvæmt Aðalnámskrá eiga kost á vali fimmtung námstímans. Í Egilsstaðaskóla er val 6 kennslustundir á viku í 8.-10. bekk og svæði 4 kennslustundir á viku.

Markmiðið með vali er að gefa nemendum tækifæri til þess að velja viðfangsefni í skólanum í tengslum við áhugasvið, styrkleika og framtíðaráform.

Í hverju valnámskeiði er metin hæfni á námssviði með tilliti til hæfniviðmiða námskeiðsins, sem sjá má inn á Mentor. Metið er eftir námsmatskvarða skólans: A—framúrskarandi hæfni, B—góð hæfni, C—sæmileg hæfni og D—hæfni ábótarvant. Nemendur færa leiðarbók um vinnu sína á öllum námskeiðum og er hún hluti af mati á námssviði. Leiðarbókin gengur undir heitinu valbók og í henni eru einnig sýnishorn af vinnu nemenda og myndir. Nemendur fá valbók afhenta í 8. bekk, en nota hana til loka 10. bekkjar. Einkunn í hverju vali fyrir sig birtast einnig á vitnisburðarblaði að vori.

Vetrinum er skipt niður í sex val tímabil og er hvert þeirra í kringum sex vikur á lengd. Nemendur velja nú fyrir fyrstu þrjú tímabilin. Þeir merkja við frá 1 upp í 3 á hverju tímabili, eftir forgangi. Reynt er að koma til móts við val nemenda eins og hægt er.

Heimilt er samkvæmt grunnskólalögum að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla sem hluta af vali í grunnskóla. Þar er t.d. átt við nám við ME eða tónlistarskóla. Auk þess er að ósk foreldra heimilt að meta þátttöku í íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi sem hluta náms. Þetta fyrirkomulag er nefnt utanskólaval. Nemendur geta valið nám við ME, tónlistarskóla, íþróttir eða skátastarf einu sinni yfir veturinn, þ.e. eitt val tímabil. Það jafngildir einni kennslustund á viku á grundvelli skólaársins. Ef nemandi hefur valið utanskólaval, staðfesta foreldrar með undirskrift sinni að nemendur taki þátt í skipulögðu tómskundastarfi eða öðru námi sem skólinn viðurkennir.

Nemendur skili valblaðum eigi síðar en föstudaginn 27. ágúst. Skili nemendur ekki inn valblaði fyrir þann tíma er óvíst að hve miklu leyti hægt er að taka tillit til óska þeirra. Foreldrar eru hvattir til að skoða valið vel með sínum börnum og aðstoða þau við að velja það sem þeim hentar best. Foreldrar undirrita valblað nemenda og staðfesta þannig val nemenda.

Með kveðju, Ruth Magnúsdóttir, skólastjóri

Heimilisfræði er kennd á öllum tímabilunum

Heimilisfræði



Kennari: Sigurlaug Jónasdóttir

Í heimilisfræðitímum er boðið upp á fjölbreytt nám í heimilishaldi. Lögð er áhersla á fjölbreytta matreiðslu, næringarfræði, hreinlæti og neytendafraeðslu. Nemendur læra að matreiða og baka eftir einföldum og fjölbreyttum uppskriftum. Lögð er áhersla á að nemendur temji sér vandvirkni og góða umgengni.

Hæfnimarkmið eru eftirfarandi:

- tjáð sig um heilbrigða lífshætti tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigið heilsufar
- greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu
- farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu
- beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli-og eldhúsáhöld.
- skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni
- farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu
- greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldabindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi
- rætt þátt auglýsinga og upplýsinga um merkingar verð og gæði neyslavernd í tengslum við neytendavernd
- tjáð sig um gæði, geymslu og aukaefni í matvælum.
- sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarrétti.

Námsmat:

Hæfniviðmið í námslotu þar sem ma. er metin valbók og sjálfsmati nemenda. Þá er símat í verklegri kennslu sem byggir á vinnusemi, áhuga, hegðun, frágangi í stofu og afurð.

Tímabil I

27. ágúst — 9. október

Valtímabil 1 og 2

Árshátíð unglíngastígs

Kennarar: Esther Kjartansdóttir og Birna Björk Reynisdóttir

Við munum setja upp stórkostlegt leikverk og okkur vantar allskonar fólk með allskonar hæfileika. Leikarar, söngvarar, tæknitröll, listamenn, ritstjórar, tónlistarmenn, ljósmyndarar, búningasnillingar, förðunarfræðingar, sviðsmeistarar og fjöldi annarra snillinga eru nauðsynlegir til þess að stórkostleg sýning geti orðið til.

Áhugi, vinnusemi, frumkvæði og sjálfstæði eru lykilhugtök í vinnu sem þessari. Allir sem velja árshátíð þurfa að vinna eftir þeim. Nemendur velja hvaða verkefni þeir helst kjósa að taka að sér og er þeim ráðað niður eftir því. Athugið að árshátíðarvalið hefur verið vel sótt undanfarin ár en nú hefur verið sett ákveðin fjöldatakmark þannig að ekki er víst að allir komist að. Nemendur velja sig í þá/þann hóp sem þeir hafa mestan áhuga á.

Leiklist – söngur - tónlist	Sviðsmynd og tækni	Búningar og förðun

Valið nær yfir tvö tímabil og lýkur með uppsetningu leikverks á árshátíð unglíngastígs þann 15. nóvember. Æfingar munu að mestu fara fram á valtímum en aukaæfingar verða á kvöldin og um helgar þegar nær dregur frumsýningu.

Þeir sem ætla að taka þátt í árshátíð verða, síðustu vikuna fyrir frumsýningu, að vera 100 % til staðar og setja árshátíðina í forgang fram fyrir önnur verkefni.

Frumskýning verður fimmtudaginn 15.nóvember og gera má ráð fyrir aukaskýningu fljótlega á eftir.

Mikil vinna liggur að baki svona sýningu og því þurfa allir þeir sem taka þátt að vera tilbúnir að leggja á sig alla þá vinnu sem þarf með bros á vör og gleði í hjarta.

Markmið:

- Geti tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- taki á móti tilfallandi verkefnum af ábyrgð og jákvæðni
- Geti unnið í hóp að leiklistarverkefni og öllum þeim störfum sem því tilheyrir
- Geti veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í vinnuferlinu
- Geti prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu og valið úr mismunandi leiðum við túlkun leiktexta
- Geti nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína
- Geti skrásett og rökstutt eigið vinnuferli í leiklist

Námsmat:

Hæfniviðmið í námslotu þar sem metin er m.a. valbók og sjálfsmat nemenda.



Valtímabil 1 og 2

FIRST LEGO League



Kennari: Jón Magnússon

Markmið:

Undirbúningur fyrir keppni í „FIRST LEGO League“ á Íslandi.

Nemendur læra að vinna sem liðsheild og að kynna verkefni fyrir áhorfendum.

Nemendur læra að beita stærðfræði og vísindum til að leysa raunveruleg verkefni og temja sér öguð vinnubrögð við öflun heimilda, úrvinnslu gagna og skýrslugerð.

Hvað verður gert?

Undirbúningur keppinnar.

Uppsetning á þrautabraut.

Hönnun og forritun á vélmenni úr tölvustýrðu LEGO til að leysa þrautir þrautabraut.

Vísindaleg rannsókn.

Ýmis verkefni sem til falla í sambandi við keppnina.

Námsmat:

Hæfniviðið í námslotu þar sem metin er m.a. valbók og sjálfsmat nemenda.

Kvikmyndagerð

Kennari: Hrefna Hlín Sigurðardóttir

Nemendur fá kynningu á ferlinu sem farið er í gegnum við gerð kvikmynda, frá hugmynd til lokaafurðar. Nemendur læra að skrifa handrit, taka upp og úrvinnslu kvikmynda. Nemendur vinna eftir þessu ferli og búa til stuttmynd.

Markmið:

- Að nemendur læri aðferðir í handritagerð, kvikmyndatökum og úrvinnslu kvikmynda.

- [Að nemendur læri og æfist í að nota einföld úrvinnsluforrit í iPad eða Windows.](#)

- Að nemendur kynnst ólíkum aðferðum við gerð stuttmynda/kvikmynda.

Námsmat:

Hæfniviðmið í námslotu– sjá á Mentor.



Hreyfing sem heilsurækt

Kennari: Frosti Sigurðsson



Markmið:

Kynning á mismunandi leiðum hvernig má stunda heilsurækt. Hreyfing verður stunduð úti nema veður séu válynd.

Leiðir:

Að gefa nemendum hugmyndir hvernig má finna heilsurækt sem hentar þeim og bætir lífsgæði.

Námsmat:

Hæfniviðmið í námslotu þar sem metin er m.a. valbók og sjálfsmat nemenda.

Tímabil II

10. október—15. nóvember

Hljóðfærasmíði úr timbri — Cajon tromma

Kennari: Guðmundur Birkir Jóhannsson

Markmiðið:

- Læra fallega aðferð við samsetningar án sýnilegra festina.
- Læra að þússun og yfirborðsmeðhöndlun skiptir sköpum þegar kemur að loka útliti.
- Læra að setja saman misþykk efni og stilla trommu eftir eigin eyra til að mynda sem fallegastan hljóm.
- Virkja nemendur í að ráða loka útliti á trommu.
- Lit,lakk,olífa,málning,merkingar og þess háttar.
- Að loknu námskeiði munu nemendur fara heim með hljóðfæri sem þau hönnuðu og settu saman sjálf.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu þar sem metin er m.a. valbók og sjálfsmat nemenda.



Málun

Kennari: Kristín Hlíðkvist Skúladóttir

Markmið:

Að nemendur þekki nokkra listamenn, lífshlaup þeirra, verk, og tækni.

Að nemendur kynnist mismunandi eiginleikum vatnslita, þekjulita, acryllita og olíulita og geri tilraunir með þá á mismunandi grunn.

Að nemendur læri að ganga frá verkum sínum til sýningar.

Verkefni:

Nemendur fá kynningu á **listmálurum og mismunandi listastefnum**. Þeir mála ólík viðfangsefni með mismunandi aðferðum í anda þeirra. Nemendur velja síðan málningu til frjálsrar myndsköpunar sem lokaverkefni. Áhersla verður lögð á mismunandi beitingu áhalda, (pensla, hnífa, skafa o.fl.).

Námsmat:

Hæfniviðmið í námslotu þar sem m.a. er símat og sjálfsmat nemanda



Tímabil III 20. nóvember—15. janúar

Leirmótun

Kennari: Kristín Hliðkvist Skúladóttir

Markmið:

- Að nemendur kynnist möguleikum jarðleirs til nytja – og listsköpunnar og fræðist um listamenn, verk og tækni.
- Að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna.
- Að nemendur geti gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra.

Verkefni:

Nemendur læra nokkrar aðferðir til leirmótunnar og vinna hluti samkvæmt þeim. Nemendur gera vinnuteikningar yfir hluti sína og skrá verklýsingu yfir vinnuferli í valbók. Nemendur vinna óróa með þumlaaðferð, flísar í myndverk og móta brjóstmynd af manneskju (sem er stærsta verkið.)

Námsmat:

Hæfniviðmið í námslotu, sjálfsmat nemanda (valbók).
Virgni, vinnuferli og lokaafurð. Verklýsingar, vinnuteikningar og framsetning valbókar.



Yndislestur

Kennari: Sigfús Guttormsson

Nemendur lesa bæði valda texta og eins texta að eigin vali. Lestrarstundirnar eiga að vera rólegar og gefandi.



Markmið:

- Að nemendur njóti lesturs.
- Að nemendur lesi mismunandi bókmenntatexta. Til dæmis þjóðsögur, ævintýri, smásögur og skáldsögur.
- Að nemendur geti greint frá efni þeirra bóka sem þeir hafa lesið.
- Nemendur haldi lestrar dagbók og skrái niður eftir hvern tíma hvað lesið var í hverjum tíma.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu þar sem metin er m.a. valbók og sjálfsmat nemenda.

Skólahreysti

Kennari: Frosti Sigurðsson

Í þessu vali eru nemendur undirbúnir fyrir undankeppni Skólahreystis hér í skólanum. Reiknað er með að þeir sem velji Skólahreysti taki þátt í þeirri keppni. Alhliða þrek, hlaup og sprengikraftur verður þjálfður til að byggja upp almennt hreysti. Einnig munu nemendur æfa sig í þeim þrautum sem keppt er í, í skólahreysti.

Markmið:

- Að kynnast og öðlist færni í keppnisgreinum skólahreysti.
- Að geti unnið bæði sjálfstætt og með öðrum.
- Að geri sér grein fyrir styrkleikum sínum og nýti sér þá.

Námsmat: Hæfniviðmið í námslotu þar sem metin er m.a. valbókin, sjálfsmat nemenda

Starfsfræðsla

skyldunámskeið fyrir 9. bekk

Kennari: Anna María Arnfinnsdóttir

Í vetur verður boðið upp á starfsræðsuval þrisvar sinnum, á 3., 4., og 5., val tímabili og er þetta skyldunámskeið fyrir 9. bekk


Í starfsfræðslu velja nemendur sér þrjú fyrirtæki sem þeir hafa áhuga á og vilja heimsækja. Hver heimsókn telur 2-3 skipti. Jafnframt er fjallað um „hefðbundin“ kvenna og karlastörf og nemendur hvattir til að kynna sér þau í heimsóknum sínum. Á milli fyrirtækjaheimsókna er farið yfir það sem var athyglisvert í heimsókninni, kosti og galla starfsins sem heimsótt var, auk þess vinna nemendur í valbók.

Markmið:

- Að nemendur fái innsýn í störf á vinnumarkaðnum, hefðbundin og óhefðbundin og kynni sér þau störf sem höfða mest til hans.
- Geti nýtt sér upplýsingatækni í upplýsingaleit um nám og störf.
- Öðlist meiri öryggi til að setja sér markmið er lúta að framtíðinni.
- Kynnist nokkrum námsleiðum í framhaldsskólum með tilliti til áhuga og framtíðaráforma hvað varðar störf og atvinnutækifæri.

Námsmat:

Hæfniviðmið í námslotu þar sem m.a. er símat og sjálfsmat nemanda ásamt mætingarlistum í vinnustaðaheimsóknum.



Skreytilist í textíl

Kennari: Esther Kjartansdóttir

Markmið:

Að nemendur öðlist skilning á þeim fjölmörgu aðferðum sem notaðar eru í textíliðnaði og hönnun til skreytingar.

Að nemendur fái tækifæri til að prófa mismunandi aðferðir til skreytinga á textíl.

Verkefni:

- Skoðaðar og prófaðar verða með mismunandi aðferðir við skreytingar á textíl.
- Mismunandi aðferðir við að lita efni, t.d. tiedye, íslitun, jurtalitun
- Nokkrar mismunandi aðferðir við þrykk
- Útsaumur til skreytinga bæði í saumavél og höndunum
- Ásaumur - hvað er hægt að nota til að skreyta
- Prentun – prófaðar mismunandi efni til að prenta myndir á efni
- Unnar prufur með hverri tækni fyrir sig og þær settar upp í verkefnabók ásamt ítarlegum verklýsingum.
- Lögð áhersla á að nemendur séu virkir í að skrá niður aðferðir og efni þannig að verklýsingar séu skýrar og góðar.
- Unnið lokaverkefni þar sem nemendur hanna og sauma sér hlut eða einfalda flík þar sem þeir nota einhverja af aðferðunum sem þeir hafa lært til skreytingar.

Námsmat:

Hæfniviðmið í námslotu þar sem m.a. er símat og sjálfsmat nemanda.

Yoga

Kennari: Fjóra Kristín Hólm Jóhannesdóttir, Alþjóðlegur yogakennari

Markmiðið er að gefa meiri skilning á yoga og hvernig hægt er að innleiða það inn í daglegt líf.

Farið verður yfir:

- Yogastöður
- Fræðin/heimspekina á bakvið yoga
- Hugleiðslu og slökun
- Hvers vegna við munum aldrei ná að gera ákveðnar stöður í yoga
- Hvernig hægt er að nýta hugleiðslu og yoga í daglegu lífi



Yoga:

- Kennir okkur að hlusta betur á eigin líkama og sál.
- Getur lagfært líkamsstöðu okkar og líkamsbeitingu
- Býr til jafnvægi milli líkama og hugar
- Getur bætt svefn
- Getur bætt einbeitingu í námi og vinnu
- Getur unnið á streitu, kvíða og þunglyndi
- Getur kennt okkur að lifa í núinu og njóta augnabliksins.
- Getur aukið styrk, liðleika, brennslu og þol
- Góður viðauki með öðrum æfingum: hlaup, CrossFit, lyftingum, sundi, golfi. Yoga er alltaf gott mótvægi
- Hentar öllum.



Námsmat:

Hæfniviðið í námslotu þar sem metin er m.a. valbók og sjálfsmat nemenda.